

Femínismi í grunnskólanum

Skrifað [12. janúar 2015](#) af Aðsendar greinar



Edda Guðný Örvarsdóttir skrifar.

Í skólanum lærum við hinar ýmsu greinar. Þar má nefna stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, íslensku, ensku, dönsku, verkgreinar leikfimi og sund. Allt finnst mér þetta mikilvægar námsgreinar. Mér finnst engu að síður að við ættum að læra meira um jafnrétti kynjanna eða femínisma.

Samkvæmt Wikipedia er „femínismi eða kvenfrelsisstefna samheiti yfir ýmsar pólitískar og hugmyndafræðilegar stefnur, þar sem sóst er eftir og barist fyrir jafnrétti kynjanna í víðum skilningi.“ Í einum tíma vorum við nemendurnir spurðir hvort við værum femínistar. Enginn í bekknum mínum nema ég sagðist vera femínisti eða vissi yfirleitt hvað femínismi var. Flestir héldu að femínistar væru bara konur sem hata karla. Hugsanlega munum við læra meira um þessi mál á næstu árum sem er frábært. Mér finnst samt að við ættum að vera búin að læra meira um þetta allt. Allt sem ég veit um femínisma lærði ég á netinu og úr heimildarmyndum og bókum. Ekki í skólanum! Ef við lærðum meira um jafnrétti kynjanna í skólanum væri kannski núna komin fram kynslóð sem bæri raunverulega virðingu fyrir því að þú hefur rétt á að hafa skoðanir hvort sem þú ert stelpa eða strákur. Að strákar hafa líka tilfinningar. Að stelpur eru líka áhrifamiklir þátttakendur í samfélaginu. Að það þurfi að bera virðingu fyrir öllum manneskjum sama hvaða kyni eða kynþætti þær tilheyra. Einnig finnst mér að við ættum að læra um mannréttindi. Ég veit ekki mikið um mannréttindi og langar að læra meira um þau. Ég veit bara ekki hvar ég á að byrja. Ég legg til að í lífsleiknitímum eða vinnutímum höfum við umræðu eða einhverja verkefnavinnu um jafnrétti og mannréttindi.

Vegna þess að svo fáir unglingar vita hvað femínismi er finnst mér að nemendur í grunnskólum, ekki aðeins í Giljaskóla heldur líka í skólum út um allan heim, ættu að læra um jafnrétti kynjanna og mannréttindi. Við hefðum öll gott af því og myndum eflaust öll læra mikið af því. Kannski gætum við meira að segja losað okkur við stereótýpunum að femínistar eru bara konur sem hata karla.

Greinin birtist fyrst í Akureyri vikublaði 8. janúar 2015

Edda Guðný Örvarsdóttir 9. bekk

